

Löglegan búnað vantar á 79% reiðhjóra í verslunum

Í árlegri könnun sem Brautin – bindindisfélag ökumanna framkvæmdi nýlega kom í ljós að einungis 21% nýrra reiðhjóra í verslunum á höfuðborgarsvæðinu uppfylltu reglugerð 057/1994 um gerð og búnað reiðhjóra. Munaði þar mestu um að bjöllu vantaði á 72% reiðhjóra sem skoðuð voru. Þá vantaði keðjuhlíf á allmörg reiðhjól (27%) og glitmerki á önnur. 5% reiðhjóra sem skoðuð voru skorti frambremsu. Í þessari könnun hefur lás verið tekinn út úr búnaðinum en einungis 9% reiðhjóra eru seld með lás. Fjölmargar gerðir lása eru til og því ekki í hag neytenda að láta hann fylgja með hjólum.

Nokkuð mismunandi var eftir reiðjólaverslunum hvernig búnaði reiðhjóra var háttað. Þannig voru 80% reiðhjóra í reiðjólaversluninni Berlin lögleg og 69% reiðhjóra í Erninum. Aftur á móti fannst ekkert löglegt hjól í BYKO, Kríu eða TRI. Hlutfallið í öðrum verslunum var á bilinu 7 - 30%.

„Ekki benda á mig“

Í samtali við nokkra reiðhjólasala kom fram að þeir telja sig ekki bera ábyrgð á búnaði þeirra reiðhjóra sem þeir selja, það sé alfarið í höndum kaupenda. Þá könnuðust sumir einfaldlega ekki við reglugerðina og gátu þannig ekki upplýst kaupendur um þann búnað sem skal vera á reiðhjóli.

„Það er óneitanlega nokkuð sérstakt að setja ábyrgðina yfir á kaupandann. Það er hætt við að neytendur létu í sér heyra ef þeir þyrftu sjálfir að ganga úr skugga um nauðsynlegan búnað á nýjum bíl sem þeir væru að kaupa. Að mínu mati er þörf á að reiðhjólamenn séu meðvitaðri um þann öryggisbúnað sem þarf að vera til staðar á reiðhjólum en jafnframt þarf að endurskoða reglugerðina, meðal annars með tilliti til eftirlits.“

Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna

Úrelt reglugerð

Brautin telur augljóst að gildandi reglugerð sem fagnaði 20 ára starfsafmæli á þessu ári sé úrelt og brýn þörf sé á endurskoðun. Umfang hjólreiða á Íslandi hefur aukist verulega á tímabilinu sem og þær tegundir reiðhjóra sem eru í boði. Núgildandi reglugerð tekur ekki til mismunandi notkunar reiðhjóra og gerir t.d. ekki greinarmun á hefðbundnum götuhjólum eða sérstökum keppnishjólum sem eingöngu eru notuð á lokuðum svæðum. Þá er brýnt að í reglugerðinni sé skilgreint með hvaða hætti skuli hafa eftirlit með búnaði reiðhjóra. Félagið telur eðlilegast að sú kvöð sé sett á seljendur reiðhjóra að þau hjól sem seld eru hafi nauðsynlegan öryggisbúnað í samræmi við reglugerðina.

Nánari upplýsingar:

Einar Guðmundsson, formaður

ainar@brautin.is

S: 825 7110

Fylgiskjal. Greinargerð um reiðhjólakönnun

Brautin - bindindisfélag ökumanna hefur undanfarin ár fylgst með því hvernig reiðjólaverslanir fara eftir reglugerð um búnað reiðhjóla. Þróunin undanfarin ár hefur verið jákvæð og fleiri verslanir farnar að passa upp á að selja „lögleg reiðhjól“. Nú í vor hefur þróunin farið niður á við aftur.

Reglugerðin úrelt.

Núverandi reglugerð er frá 1994 og gerir ráð fyrir að eftirfarandi búnaður sé á öllum reiðhjólum: Bjalla, glitmerki að framan og aftan, glitmerki á fótstigum, teinaglit, bremsur á fram og afturhjóli, keðjuhlíf og lás. Í rökkri og myrkri skal einnig hafa ljós að framan og aftan. Engu skiptir hvort hjólið sé keppnishjól eða ekki eða hvort því er eingöngu beitt utan alfaraleiða eða ekki. Ef skoðaðar eru reglugerðir í öðrum Evrópulöndum, sést að krafan um búnað er í megin atriðum sú sama, en oftast en ekki er ekki krafa um lás og keðjuhlíf. Þá hafa mörg Evrópulönd gert aukna kröfu um sýnileika hjóla og lágmarkskrafa um styrk ljósa á reiðhjólum hefur verið skilgreind. Nefna má að Danir leyfa ekki lengur rafala (dynamo) sem ljósgjafa þar sem ljósin eru ekki nógu björt.

Það er nauðsynlegt að endurskoða reglugerð um búnað reiðhjóla og ekki síst að flokka þau nánar út frá notkun og eðli. Á að gera sömu kröfu til rafmagnsreiðhjóla sem komast hraðar og eru mun þyngri en hefðbundin hjól og venjulegra reiðhjóla? Endurskin er komið í marga hjólbarða og er ekki lengur í teinum. Er slíkt hjól þá ekki lengur löglegt þar sem reglugerð gerir bara ráð fyrir teinagliti.


Þegar kannað var viðhorf þeirra sem selja hjól, þá kom oft í ljós að þekking á reglugerðinni var ekki til staðar. Þá kom fram hjá sumum reiðhjólásölum að það væri ekki þeirra að sjá til þess að reiðhjól væru lögleg heldur þeirra sem keyptu þau.

Hjólareglur.

Geta má þess að reiðhjólareglur eru einnig úreltar. Í dag eru hringtorg, sér umferðarljós fyrir reiðhjól, hjólareina og fleiri atriði sem ekkert er getið um í lögum og reglum. Þetta þarf að endurskoða líka.

Niðurstaðan.

Hér má sjá helstu niðurstöður könnunarinnar: Þau voru flokkuð niður eftir því hvort þau væru venjuleg götuhjól eða hvort þau eru notuð sem keppnishjól eða í jaðarsporti (sérstök hjól)




Mjög misjafnt var milli verslana hversu vel reiðhjólin voru búin. Reyndar voru ekki bjöllur á sýningarhjólum hjá Erninum en þar á bæ bjóða starfsmenn fólki að velja milli 30 tegunda þegar reiðhjól er keypt og er bjallan inni í verði hjólsins að sögn starfsmanna.

Í þremur verslunum var ekkert hjól með löglega búnað.

Misjafnt var hvaða munir voru á hjólunum og hvað vantaði á hjólin. Hér má sjá línurit sem sýnir það:


Niðurstaða 2014

■ Öll hjól ■ Götu-hjól ■ Sérstök hjól



Það vekur athygli hve fá hjól eru með bjöllu. Tæki sem mjög mikilvægt er að hafa, ekki síst þegar hjólanotkun hefur aukist svo mikið. Það er skiljanlegra að ekki fylgi lás hjólum, því fólk vill gjarna velja sína lása sjálft. Reiðhjólasalar segja fólk meðvitaðra um að læsa hjólum sínum í dag en var fyrir nokkrum árum. Sumir kaupendur hafa þurft að læra af biturri reynslu.

Hér fyrir neðan má sjá þróunina milli ára á einstaka búnaði reiðhjóla:



Lokaorð.

Brautin hvetur opinbera aðila að endurskoða reglugerð 57/1994 um gerð og búnað reiðhjóla til samræmis við þá þróun sem orðið hefur á reiðhjólum á undanförunum árum. Þá er mikilvægt að tilgreina ábyrgð þeirra sem selja reiðhjól hvað varðar að selja lögleg reiðhjól. Einnig þarf að uppfæra reglur um hjólreiðar og ekki síst að taka á því að reiðhjólamenn fylgi þeim. Aukning alvarlegra slysa á hjólreiðamönnum er staðreynd og verður að taka á þeim málum af festu.

Þá hvetur Brautin reiðhjólaverslanir að bjóða einungis upp á lögleg reiðhjól og í það minnsta að upplýsa neytendur um hvað þarf að vera á reiðhjóli svo það teljist löglegt.

Yfirlit yfir skyldubúnað reiðhjóra skv. Núgildandi reglugerð:

Hjálmaskylda
upp að 15 ára
aldri



Bjalla



Fram- og
afturbremsur



Þristrennt
rautt glimerki
að aftan



Þristrennt hvítt
glimerki að
framan



Teinaglit



Lás



Keðjuhlíf



Glit á fótstigi